

78. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 19. nóvember 2024, kl. 15:00 á netinu.

Mættir: Jón Kort Ólafsson formaður, Ketill Sigurður Jóelsson, Katrín Freysdóttir, Ida Semey fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

S. Guðrún Hauksdóttir boðaði forföll og ekki náðist í varamann. Íris Hauksdóttir mætti ekki og boðaði ekki varamann. Fulltrúi nemenda var veikur.

Dagskrá

1. Skólanámskrá afgreidd að skólafundi loknum

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir skólafundi sem haldinn var í september með staðnemum. Viðfangsefni fundarins voru áherslur skólans og markmið sem Unesco-skóli og hvað er að vera Erasmus-skóli. Þá ræddu nemendur einnig möguleikann á meira samstarfi milli þeirra og fjarnema sem eru á þeirra aldri.

2. Starfa- og fjárhagsáætlun

Skólameistari fór yfir rekstrarstöðu þessa árs. Rekstur er innan marka og í fjárlagafrumvarpi var viljrði fyrir 10 ársnemendum til viðbótar. Mikil aðsókn er að skólanum og ekki hægt að taka alla umsækjendur inn. Nú hafa 257 nýjar umsóknir borist um nám á vorönn.

Skólameistari lagði fram stefnumiðaða áætlun skólans til þriggja ára sem einnig hefur verið skilað inn til ráðuneytis.

3. Starfsmannamál, auglýsingar

Skólameistari upplýsti að ekki væru neinar breytingar í starfsmannamálum í farvatninu og ekki stendur til að auglýsa.

4. Tengsl við félagslíf

Skólameistari upplýsti að tengsl við félagslíf væru fyrst og fremst á hendi nemendafélags sem tengist þá atburðum í samfélaginu, t.d. hjá leikfélaginu.

5. Erlend og innlend verkefni

Ida sagði frá verkefnum sem eru í gangi. Nú er í gangi Nordplusverkefni sem er í samstarfi við skóla í Riga í Lettlandi. Það fjallar um menningararf og tóku allflestir staðnemar þátt í verkefninu í miðannarviku í haust þegar nemendur frá Lettlandi komu í heimsókn. Þá munu okkar nemendur fara í næstu miðannarviku til Lettlands í heimsókn til nemenda þar. Þá er einnig í gangi annað Nordplusverkefni sem er kennaraverkefni. Það er í samstarfi við skóla í Danmörku og á Grænlandi og fjallar um stöðu drengja í framhaldsskólakerfinu. Okkar fólk hefur farið til Grænlands og Danmerkur nú í haust. Þá er verið að vinna að umsókn um verkefni sem heitir „From Sea to Table“. Það er í samstarfi við Unesco-skóla á Spáni, í Finnlandi, Portúgal og Frakklandi.

Lára upplýsti að ákveðið hefði verið að styrkja 4 kennara á Bett-sýninguna í London og einnig færu kennarar til Prag og Fuerteventura á námskeið varðandi gervigreind. Þá

birti hún yfirlit yfir námsferðir starfsólks. Ída nefndi að einnig væri mikill áhugi hjá erlendum kennurum á að koma í MTR í kynningu.

6. Önnur mál

6.1 Foreldraráð

Jón Kort spurðist fyrir um stöðu foreldraráðs. Lára upplýsti að skipað hefði verið í foreldraráð og því mögulegt að skipa áheyrnarfulltrúa foreldra í skólanefndina.

6.2 Samstarf við Grunnskóla Fjallabyggðar

Skólameistari gerði grein fyrir stöðu hugmynda um samstarf við Grunnskóla Fjallabyggðar. Í stuttu máli má segja að lítið hefur gerst frá því að fjallað var um málið á fundi s.l. vor.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.